

Nd.

219. Frumvarp

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járn-sand (Volcanic Sand).

Flutningsm.: Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, G. Eggerz, Þórarinn Benediktson og Björn Hallsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Þórarni Bóðvari Guðmundsson frá Seyðisfirði, einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er honum sýnist, járn-sand (Volcanic Sand) fyrir innan landhelgislinuna.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, sem lög þessi heimila, greiði leigutaki minst 15 auro í landssjóð af hverri smálest, sem út er fiutt af efnun þeim, sem unnin eru úr sandinum.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis, ber landsjóði þegar í byrjun 4^o/o.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir, samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti, sem þa^ð kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.